

1855.

9. maí.

14. **Opið brjef, sem lögleiðir á Íslandi lög 25. apríl 1850, er tiltaka, að auglýsingar þær, sem áður var boðið, þegar svo stóð á, að birta í Altónaborgar „Mercur“, Hamborgarblöðum og á kaupmannahúsi Hamborgar, skuli ekki frammar eiga sjer stað¹.**

Vjer Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vjer höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vorsktrúa alþingis um að gjöra gildandi á Íslandi lög 25. apríl 1850, er tiltaka, að auglýsingar þær, sem áður var boðið, þegar svo stóð á, að birta í Altónaborgar „Mercur“, Hamborgarblöðum og á kaupmannahúsi Hamborgar, skuli ekki frammar eiga sjer stað, þjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

Þar sem boðið var, áður en opið brjef 21. ágúst 1848 kom út, þegar svo var ástatt, að birta innkallanir í búum, stefnur og aðrar almennar auglýsingar, sem gefnar eru út hjer í ríkinu, í Altónaborgar „Mercur“, eða í einhverju dagblaði Hamborgar, eða á kaupmannahúsi Hamborgar, þá skal nú hætta þessum birtingum, svo að, þegar þess konar auglýsingar eru birtar í Berlingatíðindum, og í blöðum „Adressecontoirsins“ eða dagblöðum stiptisins, skulu þær, þegar hinn lögskipaði frestur er liðinn, vera eins gildar, eins og þó þær einnig hefðu verið auglýstar á einhvern þann hátt, sem fyr var um getið.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

9. maí.

15. **Opið brjef, er lögleiðir á Íslandi lög 29. desember 1850 um það, hvornig beita skuli hinum ýmislegu tegundum hegningarvinnu².**

Vjer Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt: Eptir að Vjer höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vorsktrúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi lög 29. desember 1850,

1) sbr. Alþingistiðindi 1853, bls. 1033.

2) Alþingist. 1853, sst.

1855.

9. maí.

um það, hvernig beita skuli hinum ýmislegu tegundum hegningarvinnu, bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr. Upp frá 4. degi aprílmánaðar 1851 skulu afbrotamenn þeir, sem samkvæmt reglum þeim, sem nú gilda, ættu að vinna í rasphúsinu eða í festingu, fara í tukthúsið.

2. gr. Þegar ákveðin er vinna í tukthúsinu eða betrunarhúsinu, skal eptirleiðis ekki í dóminum tiltaka neinn vissan hegningarstað. Þó skal láta þá, sem dæmdir verða til fyr nefndrar hegningarvinnu, fara í sömu hegningarhúsi, sem hingað til, þangað til dómsmálastjórnarráðið tiltekur, að öðruvísi skuli vera.

3. gr. Í tilliti til þeirra afbrotamanna, sem hingað til hafa verið dæmdir til vinnu í einhverju tilteknu tukthúsi eða betrunarhúsi, þá er það á valdi dómsmálastjórnarráðsins, að ákveða, hvar þeir eigi að vinna hegningarvinnu þessa.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

16. Tilskipun, sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög 3. janúar 1851, um prentfrelsi¹.

9. maí.

Vjer Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt: Eptir að Vjer höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög um prentfrelsi, dags. 3. d. janúarm. 1851, bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr. Á sjerhverju riti, sem út kemur frá nokkurri prentsmiðju á Íslandi, skal standa nafn prentarans, og hvar ritið sje prentað. Ef út af þessu er brugðið, sektast prentarinn, og ef hann finnst ekki, þá sá, sem hefur ritið til sölu eða útbýtingar, fjebótum frá 5 til 100 rd.

2. gr. Ef rangt er sagt til prentara, skal bæta frá 5 til 250 rd. Hin sama sekt liggur við fyrir þann, sem veit, að rangt er frá sagt, og hefur ritið til sölu eða útbýtingar.

3. gr. Rithöfundarnir skulu hafa ábyrgð á efni bóka þeirra,

¹) sbr. Alþingist. 1853, bls. 1033-1035, og Viðbætur A, 19-22.